

Bæjarráð FW: Koltra handverkshópur og Upplýsingamiðstöð ferðamála á Þingeyri

Til : Hjördís Þráinsdóttir
Frá : Þórdís Sif Sigurðardóttir
Heiti : Bæjarráð FW: Koltra handverkshópur og Upplýsingamiðstöð ferðamála á Þingeyri
Málsnúmer : 2018020004
Málsaðili : Koltra handverkshópur
Skráð dags : 30.01.2018 13:16:03
Höfundur : Þórdís Sif Sigurðardóttir

From: Jónína H. Símonardóttir
Sent: 23. janúar 2018 13:57
To: Þórdís Sif Sigurðardóttir
Subject: SV: Koltra handverkshópur og Upplýsingamiðstöð ferðamála á Þingeyri

Sæl Þórdís.

Jæja, nú er stjórnarfundurinn búinn og ákveðið var að ég myndi sækja um aukningu á styrknum til Koltru, sem búið var að ákveða kr. 650.000.- fyrir árið 2018.

Helstu útgjöldin eru launagreiðslur og leigan, þó hún sé ekki há. En það munar um mánuði lengri opnunartíma frá því sem var þegar sótt var um styrkinn í upphafi. Mér var því falið að biðja um að styrkupp hæðin yrði hækkuð um 100.000 eða upp í 750.000. Ég geri það því hér með fyrir hönd Koltru handverkshóps, Jónína Hrönn Símonardóttir, formaður.

Frá: Þórdís Sif Sigurðardóttir
Sent: 7. desember 2017 11:35
Til: Jónína H. Símonardóttir
Efni: RE: Koltra handverkshópur og Upplýsingamiðstöð ferðamála á Þingeyri

Blessuð,

Nei, það er ekkert mál að hafa samband við okkur þá, það ætti ekki að liggja á þessu.

Kær kveðja,
Þórdís

From: Jónína H. Símonardóttir
Sent: 7. desember 2017 11:25
To: Þórdís Sif Sigurðardóttir <thordissif@isafjordur.is>
Subject: SV: Koltra handverkshópur og Upplýsingamiðstöð ferðamála á Þingeyri

Sæl Þórdís. Takk fyrir þetta. Mér líst vel á þetta og mun leggja þetta fyrir stjórnina. Má ég ekki svo hafa samband við þig/ykkur þegar stjórnin hefur sagt sitt? Það verður þó ekkert fyrr en í jan. feb. er það of seint?
Kv. Jónína Hrönn.

Frá: Þórdís Sif Sigurðardóttir
Sent: 6. desember 2017 16:08
Til: Jónína H. Símonardóttir
Afrit: Gísli Halldór Halldórsson
Efni: RE: Koltra handverkshópur og Upplýsingamiðstöð ferðamála á Þingeyri

Sæl Jónína Hrönn,

Takk fyrir að hafa samband við okkur.

Greiðslan til Koltru vegna upplýsingamiðstöðvarinnar er ákveðinn í fjárhagsáætlun ár hvert. Árið 2016 var hún kr. 600.000,- í ár var hún síðan kr. 650.000,- og er áætlunin sú sama árið 2018.

Ég geri ráð fyrir að okkur sé ekkert að vanbúnaði að leigja Koltru Salthúsið á Þingeyri með sama hætti og í ár. Þar sem rukkuð er leiga fyrir þá mánuði sem starfsemi er í húsinu, kr. 40.000,-. En þetta voru 6 mánuðir í ár.

Ef þú vilt að einhver breyting verði á bendi ég á tvo möguleika:

- a) Þú sendir okkur tölvupóst/bréf þar sem þú kemur beiðni þinni á framfæri um aukinn stuðning Ísafjarðarbæjar við starfsemina og tillögu að því hvernig það færi fram.
- b) Þú myndir heyra í mér eða Gísla, eða koma á fund til okkar, þar sem við myndum ræða ykkar hugmyndir að frekari aðkomu Ísafjarðarbæjar. Við þyrftum svo að kynna það fyrir bæjarráði og bæjarstjórn sem tæki ákvörðun um frekari aðkomu/fjárveitingu.

Hvernig leggst þetta í þig?

Kær kveðja,
Þórdís

From: Jónína H. Símonardóttir

Sent: 27. nóvember 2017 11:58

To: Þórdís Sif Sigurðardóttir <thordissif@isafjordur.is>

Cc: Gísli Halldór Halldórsson <gisli@isafjordur.is>

Subject: Koltra handverkshópur og Upplýsingamiðstöð ferðamála á Þingeyri

Góðan dag.

Jónína Hrönn heiti ég og er nýr formaður handverkshópsins Koltru á Þingeyri. Ragnheiður Laufey, forveri minn benti mér á að nú þyrfti að endurnýja umsókn um leiguhúsnæðið - Salthúsið á Þingeyri - og einnig að gera þyrfti nýja þjónustusamning við upplýsingamiðstöðina, sem hún sagði að þú, Þórdís vissir af. Mér var einnig falið, á stjórnarfundum Koltru nú nýverið, að benda á að styrkurinn sem notaður er til að greiða laun starfsmanns, hefði lækkað milli ára, en við teljum að hann þurfi frekar að hækka heldur en hitt, því starfsemin hefur verið að aukast og eflast og opnunartíminn að lengjast. Við vorum með opið frá miðjum maí nú sl. vor, til að anna eftirspurn.

Við munum einnig koma til með að ráða tvo starfsmenn í 75% stöður næstkomandi sumar - til að manna alla vikuna (því við erum með helgaropnun líka) svo við þurfum á öllum þeim styrk að halda sem mögulegt er að fá.

Þarf ég að koma á fund með ykkur til að skrifa undir einhver plögg, eða hvernig virkar þetta?

Bestu kveðjur og fyrirfram þakkir

Jónína Hrönn Símonardóttir

formaður handverkshópsins Koltur á Þingeyri.